

Efni: Fyrirlögn PISA í grunnskólum – hugafarið skiptir máli

Á tímabilinu 12. mars til 13. apríl nk. verður PISA könnunin lögð fyrir í öllum grunnskólum landsins. PISA er alþjóðleg rannsókn þar sem metin er frammistaða 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. PISA rannsóknin 2018 verður framkvæmd samtímis í yfir 80 löndum víða um heim.

Mikilvægt er að fyrirlögnin takist vel. Þátttaka nemenda er afar mikilvæg því lágmarksúrtak í hverju landi er 4.000 nemendur og til að Ísland nái þeim fjölda verða flestir 15 ára nemendur að vera með. Því er nauðsynlegt fyrir framgang verkefnisins að allir skólar hér taki þátt nú, líkt og áður. Lögð hefur verið áhersla á að allir leggi sig fram svo vel takist til og nemendur nái að gera sitt besta.

Foreldrar hafa hér hlutverki að gegna við að hvetja börn sín til að leggja sig fram og sjá til þess að þau komi úthvöld, nærð og vel stemmd til leiks. Gott er að spá í það með nemendum út á hvað könnunin gengur og kynna sér meðfylgjandi fræðsluefni. Það skiptir máli með hvernig hugafari er farið inn í krefjandi verkefni.

Lagt er til að skólar hvetji nemendur og sýni jákvætt viðhorf gagnvart könnuninni. Þá er lagt til að nemendur fái morgunverð í skólanum áður en könnunin er lögð fyrir, enda reynir hún töluvert á úthald og virkni nemenda. Enn fremur eru sveitarfélög og fræðsluskrifstofur hvött til að huga vel að framkvæmd könnunarinnar og hlúa vel að skólum og nemendum í fyrirlagnarferlinu.

Á heimasíðunni **PISA.IS** er að finna gagnlegar upplýsingar sem nýtast skólum í fyrirlagnarferlinu. Hér fyrir neðan eru slóðir á áhugaverð myndbönd sem hægt er að sýna nemendum og starfsmönnum, glærur fyrir kennara og aðra starfsmenn skóla, rafrænn bæklingur, bréf til nemenda og foreldra og fleira efni. Vinsamlega nýtið það sem hentar ykkar markhópi til að kynna markmið og framkvæmd PISA könnunarinnar til dæmis með tölvupósti og/eða á samfélagsmiðlum. Ef allir leggjast á eitt er líklegra að við fáum gagnlegar upplýsingar um menntakerfið okkar sem nýta má til þróunar og úrbóta.

[Upplýsingaefni um PISA](#)

Tvö hvetjandi myndbönd á íslensku, sem gott er að nota fyrir **nemendur, foreldra og skólasamfélagið**:

[Hvatningarmyndband fyrir nemendur.](#)

[Hvatningarmyndband fyrir kennara, skólastjórnendur, tengiliði og foreldra.](#)

[Áhugaverðir punktar](#) til nánari útskýringar.

[Rafrænn bæklingur](#) fyrir **nemendur og foreldra**.

[Glærur](#) sem má nota í kynningu. M.a. tillaga að morgunmat, tillaga að hvetjandi spjalli við nemendur og fleira.

[Myndband](#) (tæpar 13 mínútur og á ensku) með nánari lýsingu á PISA rannsókninni ætluð starfsfólki skólans og **foreldrum**.

[Yfirlit](#) yfir verkefni á vegum OECD sem miða að því að nýta þá þekkingu sem hefur komið í gegnum PISA.